



Jafnréttisáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra

Mars 2018

Sigurður Þór Ágústsson

Efnisyfirlit

Jafnréttisáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra	2
Stefna.....	2
Ábyrgð	2
Starfsmenn	2
Ábyrgð	4
Nemendur	4
Stefnumið – nemendur	5
Nemendur – markmið og leiðir	5
Kynjahlutfall	5
Námsmat	5
Sjálfsmynd	5
Tómstundastarf – vinna.....	5
Vinna gegn stöðluðum kynímyndum.....	6
Námsefni	6
Kennsluhættir	6
Kennsla í jafnrétti	6
Skólanámskrá – áætlanir	6
Félagsstarf nemenda	6
Stoðþjónusta	7
Starfsfólk og nemendur	7
Kynferðisleg áreitni, kynbundið ofbeldi – og áreitni.	7
22. grein jafnréttislaga (skilgreiningar).....	7
Heimili og skóli	8
Gildistími:.....	8
Endurskoðun:	8
Kynning	8

Jafnréttisáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra

Stefna

Stefna skólans er að gætt skuli fyllsta jafnréttis milli kynjanna og að hver einstaklingur, nemandi eða starfsmaður, verði metinn á eigin verðleikum. Þannig verði tryggt að mannaúður nýtist sem best. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og er það stefna skólans að útrýma slíkri mismunun komi hún í ljós.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að konur og karlar fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.	Greina laun og fríðindi starfsmanna til að kanna hvort um kynbundinn launamun er að ræða. Leiðrétta launin ef fram kemur óútskýranlegur munur á launum kvenna og karla.	Skólastjóri	Lokið í janúar 2019. Lokið í mars 2019.

Starfsmenn

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa 25 starfsmenn eða fleiri að setja sér jafnréttisáætlun. Markmið laganna er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að laus störf innan skólans standi opin bæði konum og körlum.	Samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfshópum. Samantekt yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar.	Starfsmannahald og skólastjóri.	Lokið í febrúar ár hvert. Lokið í febrúar ár hvert.
Að jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum.	Í starfsauglýsingum er það kyn sem hallar á í starfsmannahópnum sérstaklega hvatt til að sækja um.		Alltaf þegar starf er auglýst laust til umsóknar.

Starfsmenn skólans eiga að njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun. Þeir eiga einnig að búa við jafna möguleika til stöðuhækkana, stöðubreytinga og breytinga á vinnuáætlunum. Launajafnrétti er í skólanum fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að tryggja að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sé aðgengileg öllum kynjum.	<p>Árleg greining á sókn kvenna og karla í sambærilegum störfum í endurmenntunarnámskeið og í starfsþjálfun.</p> <p>Leiðrétta ef fram kemur óútskýranlegur munur á sókn kvenna og karla í endurmenntun og starfsþjálfun.</p>	Skólastjóri / fræðslustjóri.	Lokið í apríl ár hvert.

Í anda jafnréttis laga eiga stjórnendur að leitast við að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að starfsmenn, jafnt karlar sem konur, geti samræmt sem best starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Starfsmenn skulu eiga kost á hlutastörfum og sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem aðstæður leyfa. Konum og körlum skal gert kleift að minnka við sig vinnu tímabundið vegna fjölskylduábyrgðar. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin á vinnustaðnum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<p>Að vera fjölskylduvænn vinnustaður með sveigjanleika að leiðarljósi.</p> <p>Karlar og konur nýti sér þann rétt sem þau hafa varðandi fæðingarorlof og veikindi barna</p>	<p>Kynna sveigjanleika og fyrirsjáanleika vinnutíma í september ár hvert.</p> <p>Kynna fyrir starfsfólki réttindi og skyldur þeirra</p>	Skólastjóri.	Kynning í september ár hvert á starfsmannafundi.

19. gr. Launajafnrétti

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að laus störf innan skólans standi opin bæði konum og körlum.	Samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfshópum. Samantekt yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar.	Starfsmannahald og skólastjóri.	Lokið í febrúar ár hvert. Lokið í febrúar ár hvert.
Að jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum.	Í starfsauglýsingum er það kyn sem hallar á í starfsmannahópnum sérstaklega hvatt til að sækja um.		Alltaf þegar starf er auglýst laust til umsóknar.

Endurmenntunar- og símenntunaráætlun er birt á heimasíðu ár hvert og er byggð á þörfum skólans og á grundvelli starfsmannasamtala.

22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni (dæmi)

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni sé ekki liðin á vinnustaðnum og í skólanum.	Fræða kennara, annað starfsfólk og nemendur um um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni.	Jafnréttisnefnd / Skólastjóri.	Lokið í nóv. 2018.
Að í skólanum sé til forvarnar- og viðbragðsáætlun sem tekur á þessum þáttum	Vinna forvarnar- og viðbragðsáætlun og kynna fyrir öllu skólasamfélaginu.		Lokið í des. 2018.

Nemendur

23. gr. Menntun og skólastarf

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótt- og tólmstundastarfi. Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin í skólanum.

Stefnumið – nemendur

- Við röðun í námshópa skal leitast við að hafa sem jafnast hlutfall drengja og stúlkna í hverjum námshópi
- Kynjaskipt skal í íþróttum á unglingsstigi.
- Námsframboð og viðfangsefni skulu höfðað til allra nemenda óháð kyni.
- Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir.
- Markvisst skal unnið gegn stöðluðum kynímyndum stúlkna og drengja.
- Gæta skal jafnréttis í öllu starfi skólans.
- Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni kynferðisleg áreitni og einelti verða ekki liðin.

Nemendur – markmið og leiðir.

Kynjahlutfall

Árlega skal fara yfir alla bekkjarlista og reikna út kynjahlutföll. Með þær upplýsingar í höndunum er fyrst hægt að sjá hvort hlutfallslegur munur sé á milli kynja í valgreinum.

Árlega skal fara yfir hóplista og reikna út kynjahlutföll nemenda í valgreinum í 9. og 10. bekk. Markmiðið er að sem jöfnust kynjaskipting sé í valhópum, nema ef um sérstaka stráka- eða stelpuhópa er að ræða. Sú staða gæti komið upp að það þjónaði jafnréttishugsun að kynskipta hópum. Skoða – og vinna þá sérstaklega með óskýrðan mun á milli kynja hvað varðar valgreinar.

Námsmat

Skoða árlega einkunnir að vori í 4., 7. og 10. bekk og greina þær eftir kynjum. Ef í ljós kemur verulegur munur á einkunnum nemenda eftir kyni þarf að grípa til sérstakra aðgerða með það fyrir augum að staða kynja verði sem jöfnust. Hér gæti t.d. komið til með að breyta kennsluháttum, námsefni, samsetningu námshópa eða auka tímabundið við stuðning.

Sjálfsmynd

Leggja árlega fyrir nemendur spurningar í samræmi við eineltisáætlun um t.d. líðan, sjálfsmynd, áform og virkni. Er munur eftir kynjum? Ef svo er vinna þá sérstaklega með þær niðurstöður. Þetta sjálfsmat nemenda má einnig nota sem innlegg í nemenda- og foreldrasamtöl. Sjálfsmat má leggja fyrir fleiri árganga í skólanum og oftast ef þurfa þykir.

Tómstundastarf – vinna

Einnig er forvitnilegt að kanna hjá nemendum í t.d. 9. og 10. bekk; vinnu nemenda með skóla, þátttöku í skipulögðu tómstundastarfi og óformlegu tómstundastarfi o.fl. Kemur hér fram munur á milli kynja? Eru hér komnar inn breytur sem geta haft áhrif á námsárangur, virkni í félagsstarfi í skólanum, vali á valáföngum (mikil / lítil heimavinna)?

Kynjablandaðir námshópar í íþróttum, list og verkgreinum.

Í föstum íþróttá- og sundtímum er kynjaskipt, en í valgreinum eru blandaðir hópar. Vinna með niðurstöður þannig að staða kynja verði sem jöfnust. Meta þarf kosti og galla samkennslu.

Vinna gegn stöðluðum kynímyndum

Það þarf að vinna sérstaklega í náms – og starfsfræðslu. Vinna gegn stöðluðum ímyndum kynjanna í náms- og starfsvali. Markviss náms- og starfsfræðsla sem byggir bæði á almennri kynningu á framhaldsskólanum, háskólum og íslenskum vinnumarkaði hefst strax í byrjun 8. bekkjar. Einnig þarf að vinna með t.d. gildismat og fordóma í gegnum almennar umræður. Kynna sérstaklega fyrir stelpum nám og störf í tækni- og iðngreinum og fyrir strákum hefðbundin störf sem flokkast til uppeldis- og umönnunarstarfa. Það þarf að gefa nemendum tækifæri til að fara í heimsóknir út í framhaldsskóla og fyrirtæki.

Námsefni

Allir kennarar skólans verða að skoða og meta allt námsefni út frá jafnréttissjónarmiðum. Það þarf að hafa að leiðarljósi að vinna með námsefni / kennslugögn sem byggja á jafnréttishugmyndum.

Kennsluhættir

Kennarar þurfa að beita sem fjölbreyttustum kennsluháttum og þar með reyna að nálgast mismunandi leiðir nemenda til að læra og fanga sem best áhuga þeirra og næmni til náms. Þannig er líklegast að bæði kynin fái kennslu við hæfi og ólík reynsla og gildismat fái notið sín.

Kennsla í jafnrétti

Það er lykilatriði að vinna markvist með jafnrétti í lífsleiknitímum. Þó svo að lífsleikni komi ekki inn í námskrá fyrr en í 4.bekk er allt skólastarf yngri nemenda samofið áherslum og þjálfun í lífsleikni. Strax í 1. bekk er því hægt að byrja að vinna með nemendum í anda jafnréttis.

Skólanámskrá – áætlanir

Nauðsynlegt er að skoða í hvaða öðrum námsgreinum / námskrám er sérstaklega fjallað um jafnrétti kynjanna eða hefðbundnum kynímyndum viðhaldið. Í allri námsáætlanagerð verður að vinna sérstaklega með jafnrétti kynjanna að leiðarljósi. Allar námsgreinar tengjast beint eða óbeint jafnrétti. Hver og einn kennari verður að skoða það námsefni sem nemendur vinna með, þær áherslur sem kennari leggur í skólastarfinu í daglegu samneiti við nemendur, það gildismat sem ríkir í skólanum / nemendahópnum og þær kennsluaðferðir sem unnið er eftir. Sérstaklega er nauðsynlegt að vinna með “jafnréttisgleraugu” í t.d., heimilisfræði og íþróttum og vinna meðvitað gegn ríkjandi kynímyndum og námsvali.

Félagsstarf nemenda

Það þarf að hafa að leiðarljósi jafnan hlut kynja við val í nemendaráð og við hvert það tækifæri þegar nemandi eða nemendur skólans koma fram fyrir hans hönd. Einnig að skólinn leggi jafna áherslu á þátttöku stráka og stelpna í íþróttum.

Stoðþjónusta

Með jöfnu millibili þarf sérstaklega að skoða alla þá stoðþjónustu sem skólinn veitir. Hér er átt við t.d. sérkennslu, aðstoð námsráðgjafa, sérkennslu, einstaklingsnámskrár, sálfræðiaðstoð, aðstoð hjúkrunarfræðings og ýmis önnur náms- og félagsleg úrræði sem skólinn býður upp á eða stendur að í samvinnu við aðra aðila. Kemur hér fram munur eftir kynjum? Ef svo er þá þarf að vinna sérstaklega með þær niðurstöður. Á vettvangi nemendaverndarráðs er auðvelt að skoða þessa þætti sérstaklega.

Starfsfólk og nemendur

Kynferðisleg áreitni, kynbundið ofbeldi – og áreitni.

22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Það þarf að gera öllu starfsfólki og nemendum ljóst að kynferðisleg og kynbundið áreitni /ofbeldi verði aldrei liðin í skólanum. Það þarf að setja meðferð slíkra mála í farveg samkvæmt áætlunum gegn einelti og um áföll. Nemendur og starfsfólk eiga alls ekki að sætta sig við kynferðislega og kynbundna áreitni/ofbeldi. Það þarf að gera starfsfólki og nemendum grein fyrir því að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni getur birst í mörgum myndum s.s. í orðum eða látbragði. Nemendur eiga hvorki að sætta sig við ofbeldi né áreitni af hendi samnemenda né starfsmanna skólans. Starfsfólk og nemendur séu meðvitað um ábyrgð og færar leiðir ef upp koma tilvik er varða kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni eða kynferðislega áreitni. Dæmi um leiðir er m.a. fræðsla um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni tengd lífsleiknikennslu í öllum árgöngum. Með nýrri tækni ber að skoða sérstaklega nýjar leiðir sem notaðar eru til áreitis s.s. tölvur og símar / myndsímar. Telji starfsmaður/nemendur að jafnrétti sé brotið skal hann leita til trúnaðarmanns eða stjórnenda til að leita lausna.

Virk samvinna við stoðþjónustuna; Félagshjónustuna, Barnavernd, Barnahús og lögreglu er nauðsynleg til þess að hægt sé að tryggja sem best velferð nemenda. Ef upp kemur grunur / víska um að nemandi hafi orðið fyrir kynbundnu og/eða kynferðislegu áreiti/ofbeldi í skólanum eða utan hans skal samstundis haft samband við barnaverndaryfirvöld og Barnahús. Hafa ber samband við foreldra ef þeir tengjast á engan hátt meintu áreiti.

Gagnkvæm og traust samvinna við heimili nemenda og ýmis félagasamtök í hverfinu t.d. Íþróttafélag, félagsmiðstöð og kirkjuna þarf að vera til staðar.

22. grein jafnréttislaga (skilgreiningar)

Kynferðisleg áreitni telst hvers kyns ósanngjörn eða móðgandi kynferðisleg hegðun, sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að skýrt sé gefið í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknað. Eitt atvik getur talist kynferðisleg áreitni, ef það er alvarlegt.

Kynbundin áreitni er hvers kyns ósanngjörn eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að skýrt sé gefið í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt atvik getur talist kynferðisleg áreitni, ef það er alvarlegt.

Kynbundið ofbeldi er ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjánainga þolenda. Einnig teljast hótanir um slíkt ofbeldi, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis á grundvelli kynferðis, bæði í kynlífi og á opinberum vettvangi, til kynbundins ofbeldis.

Heimili og skóli

Skólinn leggur sig fram um að eiga gott samstarf við heimilin enda er samstarf allra sem að nemanda koma lykilþáttur í þroska hans og námi. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann til samstarfs og þátttöku í skólastarfinu enda bera foreldrar ábyrgð á námi barna sinna í samvinnu við skólann. Skólinn hvetur foreldra af báðum kynjum til að sækja foreldraviðtöl og taka þátt í leik og námi barna sinna og öllum foreldrum er ávallt boðið á viðburði á vegum skólans. Þess er ávallt gætt að bæði feður og mæður séu boðuð í viðtöl í skólanum og bæði feður og mæður hvött til að mæta. Foreldrum sem þess þurfa er býðst túlkabjónusta í viðtölum.

Gildistími: Jafnréttisáætlunin tekur gildi 1. október 2018

Endurskoðun: Samkvæmt 18. gr. jafnréttislaga skal endurskoða jafnréttisáætlanir á þriggja ára fresti. Næsta endurskoðun er því haustið 2021

Kynning

Árlega þarf að kynna jafnréttisáætlun skólans og þá sérstaklega þann hluta er snýr að nemendum. Það má gera með ýmsum hætti t.d. á haustfundum og á heimasíðu skólans.